

# Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd  
Frá: Kristján Svan Kristjánsson  
Dags. 27.09 2023  
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað byggingarfulltrúa

Minnisblað þetta snýr að gjaldskrá byggingarfulltrúa fyrir árið 2024 og þá hvaða vinna liggur á bak við neðan greind gjöld.

+ Áhaldahús	
×	Byggingarleyfisgjöld
Flokkur A: Íbúðarhúsnæði	
Einbýlishús	219.900 kr.
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, pr. íbúð	186.920 kr.
Fjölbýlishús, pr. íbúð	109.950 kr.
Frístundahús	109.950 kr.
Flokkur B: Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði	
Gólfliotur allt að 500 fermetrar	219.900 kr.
Gólfliotur á bilinu 500-1000 fermetrar	439.800 kr.
Gólfliotur yfir 1000 fermetrum	659.700 kr.
Flokkur C: Önnur hús, hverskonar viðbyggingar, bilageymslu- og gripahús	
Nýbygging eða viðbygging allt að 40 fermetrar	87.960 kr.
Nýbygging eða viðbygging frá 40-100 fermetrum	131.940 kr.
Nýbygging eða viðbygging yfir 100 fermetrum	219.900 kr.
Flokkur D: Annað:	
Minniháttar breytingar á útliti, innra skipulagi, utanhússklæðning o.þ.h.	43.980 kr.
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis (breytingar á veggjum, lögnum o.fl.)	109.950 kr.

Á bak við þessar tölur liggur vinnan á bak við hverja umsókn fyrir sig frá því umsókn kemur á okkar borð, þar til að lokaúttekt hefur farið fram. Þarna eru inni samskipti við viðskiptavini og þá hönnuði sem koma að verkinu. Yfirferð allra uppdráttá þ.m.t aðal- og séruppdráttá.

Verk eru misflókin og mismikið af gögnum sem ætlast er til að lagðir eru fram. Gjöld þessi leggjast á við samþykkt byggingaráforma.

Til viðbótar við þessi gögn eru útgáfa byggingarvottorða og breyting á skráningu. En á bakvið þau gjöld eru þá úttektir á mannvirkjunum og skráningar til HMS

Við samþykkt byggingaráforma er mannvirkið skráð inn til HMS og er það gert með innlesningu á skráningartöflum. Það er gert handvirkt og líkt og með teikningarnar þá geta þessar töflur verið mis flóknar sé tekið mið af stærð/ gerð húsanna.